

Gátlisti

fyrir greiningu og mat á skólanámskrá leikskóla

Gátlisti þessi er ætlaður sem hjálpargagn við greiningu og mat á skólanámskrá, en samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (1999), skal hver leikskóli semja skólanámskrá þar sem gerð er uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma. Skólanámskrá á að veita í stórum dráttum heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans og skal unnin undir stjórn leikskólastjóra. Í listanum eru ýmsar spurningar og athugunarefni sem mikilvæg eru þegar slík skólanámskrá er metin.

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við KHÍ vann listann í upphafi til greiningar á skólanámskrá grunnskóla, í samvinnu við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Bryndís Garðarsdóttir, lektor við KHÍ staðfærði listann að leikskóla. Við aðlögun og þróun listans að starfsemi leikskóla var m.a. tekið mið af ákvæðum aðalnámskrár leikskóla um skólanámskrá en þar segir m.a.:

Skólanámskrá á að vera rökstuddur og raunhæfur leiðarvísir um hvað, hvernig, hvenær og hvar hinir fjölbreytilegu starfsþættir leikskólans fara fram. Hún á að sýna hvernig skólinn hyggst vinna að þeim uppeldismarkmiðum sem aðalnámskrá setur, hvernig þörfum hvers barns verði mætt og hvernig starfið skuli skipulagt og samþætt. Í skólanámskrá skal taka tillit til aldurs, þroska og þarfa barna og séraðstæðna skólans (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:35).

Gátlistanum er ætlað að geta komið að gagni fyrir leikskólastjóra, leikskólakennara og foreldraráð við gerð eða endurskoðun skólanámskrár. Gátlistinn þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að stuðla að gagnrýnni og uppbyggjandi umræðu um uppbyggingu og innihald skólanámskrár, og því áriðandi að líta ekki á hann sem forskrift.

Listinn er byggður upp á þann hátt að honum er skipt niður í 15 athugunaratriði. Fyrst er lykilsurning fyrir hvert atriði, þá kvarði til að svara lykilsurningunni og loks spurningar til viðmiðunar og hliðsjónar ákvörðunar einkunnar á kvarðann. Jafnframt er gefinn kostur á að koma á framfæri sérstökum athugasemdum.

Kvarðann er hægt að nota ýmist sem talnakvarða, t.d. frá 1-5, eða sem orðakvarða: mjög skýrt /í mjög góðu lagi - skýrt - viðunandi - óljóst / vantar.

Í mjög góðu lagi |——|——|——|——| Óljóst / vantar


Heiti skóla: _____

Hver metur: _____ **Dags:** _____

1. Ytra útlit námskrárinnar – framsetning og skipulag

- Hvernig er frágangur námskrárinnar?

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

Er efnisskipan og framsetning skýr? Athugið: Efnisyfirlit, formála, letur, fyrirsagnir, kaflaskiptingu, ritaskrá (heimildaskrá) og myndir.

Er málfar gott?

Er einfalt að endurskoða einstaka hluta námskrárinnar?

Eru greinargóðar upplýsingar um innihald og útgáfuár á kápu?

Er námskráin aðgengileg á heimasíðu leikskólans að hluta eða í heild sinni?


Eru upplýsingar um vefslóð leikskólans og er tenging yfir í gildandi aðalnámskrá?

Athugasemdir:

2. Upplýsingar um leikskólann

- Koma fram upplýsingar um staðsetningu og umhverfi leikskólans?

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

Eru upplýsingar um stærð leikskólans (fjölda deilda) og fjölda barna?

Eru lýsingar á skólahúsnæði og leiksvæði?

Kemur fram opnunartími leikskólans?

Koma fram upplýsingar um rekstraraðila leikskólans?

Eru upplýsingar um heimilisfang, símanúmer og netfang leikskólans?


Koma fram upplýsingar um helstu samstarfsaðila leikskólans?

Athugasemdir:

3. Stefna og sérstaða leikskólans

- Er gerð grein fyrir sýn og stefnu leikskólans um meginþætti starfsins?

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

Er stefna og sýn leikskólans rökstudd?

Er gerð grein fyrir sérstöðu leikskólans?


Er gerð grein fyrir leiðum til að framfylgja sýn leikskólans?

Athugasemdir:

4. Markmið

- Koma markmið aðalnámskrár leikskóla fram?

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

Eru markmið leikskólans í samræmi við aðalnámskrá leikskóla?

Eru markmið rökstudd?

Eru markmið fjölbreytt (þekking, viðhorf, færni, sköpun)?

Eru markmið um tengsl leikskóla við umhverfi sitt (sérstöðu)?

Athugasemdir:

5. Mat, skólaþróun og áætlanagerð

• Kemur fyrirkomulag mats fram?

Í mjög góðu lagi

Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

- Er tilgangur matsins útskýrður?
- Eru skýr tengsl milli markmiða, leiða og mats?
- Er sjálfsmatsáætlun leikskólans kynnt?
- Eru matsaðferðir fjölbreyttar? *Hjálparrorð:* viðhorfskannanir, matslistar, gátlistar, dagbækur, mat á virkni barnanna, sýnishorn af verkum barnanna, stöðugt mat/símat.
- Kemur fram hvernig staðið er að kynningu á niðurstöðum mats?
- Er gerð grein fyrir þróunar- og nýbreytnistarfi innan leikskólans?

Athugasemdir:

6. Daglegt líf

• a) Er gerð grein fyrir hvernig er unnið með undirstöðupætti leikskólastarfsins? (dagskipulag, leikur, almenn lífsleikni).

Í mjög góðu lagi

Óljóst / vantar


Já veit ekki nei

- Er gerð grein fyrir markmiðum dagskipulags?
- Er fjallað um áherslur og/eða markmið leikskólans í tengslum við leik og gildi hans í námi og þroska?
- Kemur fram hvernig stuðlað er að námi í gegnum leik?
- Kemur fram hvernig unnið er að því að efla lífsleikni barnanna? *Hjálparrorð:* félagsleg færni, samskipti, virðing, vinátta, samkennd, umburðarlyndi, sjálfstraust, lýðræði, heilbrigði.
- Er gerð grein fyrir markmiðum og fyrirkomulagi samverustunda?
- Er gerð grein fyrir markmiðum og fyrirkomulagi hópstarfs?

Athugasemdir:

- **B) Er gerð grein fyrir áherslum í tengslum við athafnir daglegs lífs?** (dagleg umönnun; matartímar, hvíldarstundir, fataherbergi, hreinlæti, útivist)

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

Er gerð grein fyrir fyrirkomulagi á móttöku og skilum barnanna?

Er gerð grein fyrir áherslum og skipulagi máltíða? *Hjálparrorð:* þátttaka, sjálfshjálp, sjálfstæði, samskipti, virðing, borðsiðir, hollusta og næring.

Er gerð grein fyrir áherslum í tengslum við hreinlætisvenjur barnanna?

Er gerð grein fyrir áherslum og skipulagi starfs í fataherbergi? *Hjálparrorð:* sjálfshjálp, umgengni, samhjálp, tillitssemi, samskipti og samræður.

Er gerð grein fyrir áherslum og fyrirkomulagi hvíldarstunda?


Er gerð grein fyrir fyrirkomulagi og áherslum í útivist?

Athugasemdir:

7. Inntak (áherslupættir – námssvið)

- **Er gerð grein fyrir inntaki eftir aldri og námssviðum?**

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

Er inntak í samræmi við aðalnámskrá leikskóla?

Er inntak námsins tengt nánasta umhverfi barnanna?

Koma fram markmið með hverju námssviði fyrir sig?

Kemur fram hvernig (leiðir að markmiðum) unnið er með námssvið leikskólans?

Kemur fram hvernig unnið er með samþættingu námssviða?


Kemur fram að komið sé til móts við mismunandi bakgrunn, hæfileika og áhuga barnanna?

Athugasemdir:

8. Viðfangsefni

- Er fjölbreyttum viðfangsefnum og leiðum lýst?

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

Eru viðfangsefni og leiðir í samræmi við meginmarkmið?

Er fjölbreyttum aðferðum lýst? *Hjálparrorð:* frjáls leikur – bein fræðsla – vettvangsferðir – verklegar æfingar - sýningar – tjáning – efniskönnun og tilraunir- sköpun – leikir/spil – hreyfing - dans – tónlist - söngur – hópvinna – einstaklingsvinna.

Eru nefnd viðfangsefni eða leiðir sem reyna á skilning, sköpun og gagnrýna og sjálfstæða hugsun?

Er lögð áhersla á fjölbreytni og sveigjanleika: misstóra hópa, frjálst val barna á viðfangsefnum, samvinnu?


Er unnið með tjáningu og frásagnargleði (málnotkun/málrækt)?

Athugasemdir:

9. Námsgögn

- Eru notuð fjölbreytt námsgögn?

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei


Kemur fram að notað sé fjölbreytilegt námsefni; leikföng og leikefni? *Hjálparrorð:* bækur, spil, geisladiskar, tölvur og tölvuforrit, gögn fyrir list- og raungreinar, sérkennsluefni, kort, hlutir úr nánasta umhverfi, ljósmyndir.

Athugasemdir:

10. Mismunandi þarfir barna - sérkennsla

Er umfjöllun um sérþarfir barna?

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

Er lýst stefnu leikskólans gagnvart nemendum með sértækar þarfir?

Er gerð grein fyrir fyrirkomulagi sérkennslunnar? Fyrir hverja? Umsjónaraðili?

Er umfjöllun um aðstoð við tvítyngd börn?

Er stoðþjónusta skólans lýst? *Hjálparráð:* leikskólaráðgjöf, sálfræðiþjónusta, talkennsla, heilsugæsla, félagsþjónusta, sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun, greiningarstöð.


Kemur fram hvaða starfsreglur gilda um hvernig foreldrar og leikskólakennarar bera sig eftir þjónustu fyrir börn með sérþarfir?

Athugasemdir:

11. Stjórnun – verkaskipting – skipulag

• eru upplýsingar um stjórnkerfi leikskólans?

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

Eru upplýsingar um yfirstjórn leikskólans og hlutverk?

Eru upplýsingar um mismunandi menntun og hlutverk starfsmanna (starfslýsingar)?

Er fjallað um símenntun starfsmanna?

Eru upplýsingar um hlutverk foreldraráðs?


Eru upplýsingar um hlutverk leikskólaneftdar (fræðsluráðs)?

Athugasemdir:

12. Samstarf heimila og skóla

• Kemur fram hvað felst í samstarfi heimilis og leikskóla?

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei


- Hefur skólinn stefnu um samstarf heimila og leikskóla?
- Er hún aðgengileg fyrir erlenda foreldra?
- Er lýst skipulagi samstarfsins (foreldraráð, foreldrafélag, daglegt samstarf)?
- Er lýst ferli og markmiðum aðlögunar barns í upphafi leikskólagöngu?
- Er gert ráð fyrir þátttöku foreldra í starfi leikskólans? *Hjálparráð:* Vettvangs- og kynnisferðir, þátttaka í daglegu starfi, fræðslufundir, skemmtifundir og önnur þátttaka?
- Er leitað álits foreldra við skólanámskráargerð og ársáætlanir?
- eru upplýsingar til foreldra um: deildarnámskrár (áætlanir deilda), einstaklingsnámskrár, fréttabréf, ársáætlun, foreldraviðtöl og fundi, opið hús, aðstöðu/aðgang foreldra að leikskólanum?
- eru upplýsingar um leiðir sem foreldrar geta fylgt ef upp koma erfiðleikar í leikskólanum? (t.d. hjá barninu, í samskiptum við starfsfólk, við aðra foreldra)

Athugasemdir:

13. Samstarf leikskóla við grunnskóla

• Er fjallað um samstarf við grunnskóla?

Í mjög góðu lagi



Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

- eru upplýsingar um hvernig staðið er að undirbúningi barnanna við aðdraganda/upphaf grunnskólagöngu?
- kemur fram hvernig samstarfi milli kennara í leik- og grunnskóla er háttað?

Athugasemdir:

14. Öryggismál

- Er gerð grein fyrir öryggismálum?

Í mjög góðu lagi |-----| Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

- Er fjallað um umferðaröryggi?
- Er fjallað um brunavarnir?
- Eru upplýsingar um viðbrögð við slysum (skyndihjálparáætlun) og náttúruhamförum?
- Eru upplýsingar um viðbrögð við áföllum (áfallahjálp)?
- Koma fram upplýsingar um ábyrgð á persónulegum eigum barnanna? *Hjálparorð:* fatnaður, leikföng.

Athugasemdir:

15. Hagnýtar upplýsingar

- Koma hagnýtar upplýsingar fram?

Í mjög góðu lagi |-----| Óljóst / vantar

Já veit ekki nei

- Er listi yfir starfsmenn ásamt viðtalstímum, símanúmerum og netföngum innan skólans?
- Eru upplýsingar um starfsskipulag leikskólaársins þar sem fram koma upplýsingar t.d. um frídaga (sumarfrí) og skipulagsdaga?
- Annað – Hvað?

Athugasemdir: